



ÓBYGGÐANEFND

Reykjavík, 4. mars 2013.

Ólafur Helgi Árnason hrl.
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

Staður	Hafnarfjarðarbær
Dagur	11.3.2013
Númer	1212213
Bréfið	515

Málefni: Mál nr. S-1/2011 fyrir óbyggðanefnd.

Svo sem yður er kunnugt hefur verið til úrlausnar hjá óbyggðanefnd í máli nr. S-1/2011 ágreiningur um staðarmörk sveitarfélaga á Suðvesturlandi. Aðilar að málinu eru Hafnarfjarðarbær, Grindavíkurbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Sveitarfélagið Ölfus og Reykjavíkurborg. Einnig var mætt af hálfu Seltjarnarneskaupstaðar, Sveitarfélagsins Voga og Garðabæjar á fyrri stigum málsmeðferðarinnar en þau sveitarfélög létu málið þó að lokum ekki til sín taka. Ágreiningurinn varðar mörk milli sveitarfélaganna á landsvæði sem var til umfjöllunar í dómum Hæstaréttar frá 29. okt. 2009 í máli nr. 685/2008 og frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009. Nánar tiltekið er þar annars vegar um að ræða Afrétt Álftaneshrepps hins forna (norðaustanverðan hluta Almenningskóga Álftaness) og svokallað Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og hins vegar Afrétt Seltjarnarneshrepps hins forna.

Óbyggðanefnd var í umræddu máli upphaflega skipuð Karli Axelssyni, formanni, Allan V. Magnússyni og Sif Guðjónsdóttur. Eftir að Kópavogsbær gerðist aðili að málinu lýsti Karl sig vanhæfan í því, samanber bókun í fundargerð 6. fyrirtöku 11. maí 2011. Tók Allan þá við formennsku nefndarinnar í málinu og Benedikt Bogason tók sæti í henni. Eftir að Benedikt var skipaður dómari við Hæstarétt lét hann af störfum fyrir óbyggðanefnd og ákvað nefndin á fundi 21. febrúar 2013 að Eiríkur Elís Þorláksson skyldi taka sæti í nefndinni í máli þessu í hans stað.

Meðferð málsins fór fram á grundvelli I. ákvæðis til bráðabirgða í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 en þar var kveðið á um að óbyggðanefnd skæri úr ágreiningu um mörk milli sveitarfélaga. Nánar tiltekið sagði þar:

- I. Vegna ákvæðis 1. mgr. 1. gr. laganna skal þeim hlutum landsins, þar með talið jökulum, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga á grundvelli 1. eða 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, skipað innan staðarmarka

sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

Eignarlandi skal skipað innan staðarmarka sama sveitarfélags og sú jörð sem það hefur áður tilheyrt nema fyrir liggi sérstakar heimildir um annað.

Nú eiga íbúar tiltekins sveitarfélags upprekstrarrétt í afrétt sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags og skal hann þá teljast til þess sveitarfélags. Ef íbúar fleiri en eins sveitarfélags eiga upprekstrarrétt í afréttinn og ekki næst samkomulag um til hvers þeirra hann skuli teljast sker úr um málið óbyggðanefnd, sem starfar samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Óbyggðanefnd skal einnig skera úr ágreiningi sem rís vegna 2. mgr.

Þegar óbyggðanefnd úrskurðar að landsvæði skuli teljast þjóðlenda skal nefndin kveða á um hvernig þeim hluta þess sem ekki telst afréttur skuli skipað innan staðarmarka sveitarfélaga. Skal miðað við að framlengja staðarmörk aðliggjandi sveitarfélaga inn til landsins, þar með talið á jöklum, en þó þannig að fylgt sé náttúrulegum mörkum eða mörkum sem byggjast á sérstökum heimildum um mörkin, þar sem nefndin telur það betur eiga við. Óbyggðanefnd getur í þessu tilviki breytt mörkum frá því sem kann að hafa verið samið um milli sveitarfélaga, þar með talið samkvæmt heimild í 5. mgr. ákvæðis þessa og 2. mgr. 3. gr. laga þessara, eða þau ákveðin með öðrum hætti.

Meðan óbyggðanefnd hefur ekki úrskurðað um einstök landsvæði, sem ekki hefur verið skipað innan staðarmarka sveitarfélaga, getur [samgönguráðherra]¹⁾ staðfest samkomulag sem sveitarfélög hafa gert um staðarmörk sveitarfélaga á slíkum svæðum.

[Samgönguráðuneytið]¹⁾ skal birta auglýsingu²⁾ um ákvörðun á staðarmörkum sveitarfélaga samkvæmt ákvæði þessu í Stjórnartíðindum.

¹⁾L. 167/2007, 1. gr. ²⁾Augl. 614/1999. Augl. 629/1999. Augl. 634/1999. Augl. 132/2000. Augl. 228/2000. Augl. 965/2000. Augl. 120/2002. Augl. 414/2004.


Þá var að finna efnisreglur um staðarmörk sveitarfélaga í 3. gr. laganna.


Ný sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011, voru samþykkt á Alþingi 28. september 2011 og tóku gildi 1. janúar 2012. Í 133. gr. kemur fram að samhliða gildistöku þeirra falli úr gildi sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, með síðari breytingum.

Í 4. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, er að finna efnisreglur um staðarmörk sveitarfélaga. Í lögnum er hins vegar ekki að finna heimild til handa óbyggðanefnd til að úrskurða um þau. Slíka heimild er heldur ekki að finna í öðrum nügildandi lögum. Óbyggðanefnd skortir því valdheimild samkvæmt gildandi lögum til að úrskurða í málinu og mun því að óbreyttu ekki fjalla frekar um það.

Vegna niðurskurðar á fjárheimildum til starfsemi óbyggðanefndar og breytinga á starfsliði síðustu misseri hefur úrlausn málsins því miður tafist umfram það sem æskilegt er.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd óbyggðanefndar


Allan V. Magnússon
formaður


Þorsteinn Magnússon
framkvæmdastjóri